

Umboðsmaður Alþingis  
B.t. Róberts R. Spanó, setts umboðsmanns  
Álftamýri 7  
150 Reykjavík

Einnig sent á netfang umboðsmanns, [postur@umb.althingi.is](mailto:postur@umb.althingi.is)

Mánudagur, 18. janúar 2010

**Efni: Kvörtun vegna ummæla ráðherra.**

Í tilefni af ummælum fjármálaráðherra, í viðtali við fréttastofu Stöðvar 2 á útvarpsmiðlinum Bylgjunni sunnudaginn 10. janúar sl., vilja undirrituð koma áleiðis kvörtun til yðar. Í viðtalinu sagði ráðherrann, aðspurður um fyrirhugaða þjóðaratkvæðagreiðslu um s.k. Icesave samkomulag ríkisstjórnarinnar við bresk og hollensk stjórnvöld, að kostnaður vegna kynningar á rökstuðningi ríkisstjórnar verði greiddur úr ríkissjóði, umfram það óháða kynningarefni sem kostað er þaðan sömuleiðis.

Samband ungra sjálfstæðismanna (SUS) vill beina þeirri kröfu til umboðsmanns, að hann skoði að eigin frumkvæði það hvort fjármálaráðherra sé heimilt að ráðstafa opinberum fjármunum með þessum hætti. Liggja til þess eftirfarandi röksemdir og skýringar.

Í fyrsta lagi er það að nefna, að í fyrirhugaðri þjóðaratkvæðagreiðslu verður hægt að greiða atkvæði um tvo kosti, að samþykkja eða synja lögum nr. 1/2010 staðfestingar. Augljóst er, af allri umræðu og skoðanakönnunum, að ólík viðhorf eru meðal landsmanna til málsins. Þá hefur það jafnframt komið fram hjá einstökum meðlimum ríkisstjórnarinnar að líf hennar geti oltið á niðurstöðunni. Málið hefur því verið ofið þræði flokkspólítískra átaka, svo að andstæðingum og stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar er att saman. Í 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir meðal annars, að allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til skoðana og stöðu að öðru leyti. Því er það í besta falli ámælisvert að beita eigi ríkissjóði, sem fjármagnaður er af skattgreiðendum, til að fjármagna áróður ríkisstjórnar um að staðfesta beri lög nr. 1/2010, en láta ekki andstæð sjónarmið annarra skattgreiðenda njóta sama fjármagns.

Í öðru lagi er að nefna það, að í rauninni er mál þetta orðið þannig vaxið, að löggjafarstarfið er komið á það stig að framundan er að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um lög, sem ráðherra hefur lagt fyrir löggjafann. Forsetinn hefur þannig, sem hluti löggjafarvalds sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar, „framlengt“ löggjafarstarfið ef svo má segja, og ákveðið að úrslit málsins skuli ráðast með þjóðaratkvæði. Það er

einfaldlega staðan, án þess að hér verði skorið úr um réttmæti ákvörðunar forseta, en þegar af þeirri ástæðu má ætla að allt inngríp ráðherra inn í málið, með þeim hætti sem boðaður hefur verið, sé inngríp inn í starf löggjafans. Þar með megi líta svo á að ráðherra geti brotið gegn þrískiptingu ríkisvaldsins, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar, með því að óeðlileg afskipti séu höfð af starfi löggjafans.

Í þriðja lagi er rétt að nefna það, að ljóst er að ekki eru í gildi nein lög sem hamla greiðslur af svokölluðu ráðstöfunarfé ráðherra, og væri fjármálaráðherra, eða öðrum ráðherra ríkisstjórnarinnar, því heimilt að styðja við hvers konar hreyfingu, sem kynni að auglýsa og beita sér fyrir sjónarmiðum ráðherrans. Slíkt hlyti þó að vekja upp spurningar, með vísan til þess sem áður er sagt, um réttmæti slíkrar ákvörðunar að teknu tilliti til jafnræðissjónarmiða. Ganga má lengra og spyrja hvort slík ákvörðun verði ekki fordæmisgefandi, t.d. í fyrirhugaðri þjóðaratkvæðagreiðslu um samning um inngöngu í Evrópusambandið? Væri þar ráðherrum heimilt að kosta frekara kynningarefni, umfram það sem fyrirhugaðar já- og nei hreyfingar fengju í ráðstöfunarfé? Og ef engar takmarkanir yrðu látnar gilda, væri þá ekki heimilt að nýta ráðstöfunarfé ráðherra við sveitarstjórnar-, forseta- eða alþingiskosningar og jafnvel prófkjör einstaka frambjóðenda?

Í fjórða lagi er að lokum að nefna, að ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjárukalögum, sbr. 41. gr. stjórnarskrárinnar. Áður hefur það verið rakið að óeðlilegt sé að nota ráðstöfunarfé ráðherra, í þeim tilgangi að reka baráttumál ríkisstjórnar. Sé það hins vegar ekki ætlunin þarf að fá til þessa fé úr ríkissjóði með lagaheimild. Eins og áður segir hefur það komið fram hjá einstökum meðlimum ríkisstjórnarinnar, að líf hennar geti oltið á niðurstöðunni, og slíkt kynni að leiða til kosninga ef ekki tækist að mynda ríkisstjórn án þeirra. Það gæti því komið upp sú staða, að sitjandi Alþingi eftir slíkar kosningar yrði að fjalla um fjárútlát í fjárukalögum, vegna þess að fyrri ríkisstjórn ákvað að reka áróður fyrir sínum málstað í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ummæli fjármálaráðherra vekja því upp þá spurningu, hvort verið sé að leggja það til að stofna til útgjalda, sem hæpið sé að löggjafinn myndi vilja samþykkja, færi svo að efna yrði til kosninga. Slík staða er vitanlega óásættanleg og ekki hæfandi góðri stjórnsýslu.

Ljóst er að í þessu máli hefur enn sem komið er ekki verið brotinn réttur á undirrituðum. Það er því ósk undirritaðs að þér takið áðurnefnd ummæli fjármálaráðherra til skoðunar, að eigin frumkvæði yðar, með vísan til 5. gr. laga um umboðsmann Alþingis nr. 85/1997, enda telja undirrituð fullt tilefni til, svo koma megi í veg fyrir frekari stjórnskipu- og lagalegar ógöngur í þessu máli öllu saman.

Virðingarfyllst,

*Stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna*